

Tillaga

Viðtakandi: Skipulagsnefnd

Efni: Desjamýri og Flugumýri – Umferðarskilti og merkingar

Dags: 7.8.2024

Málsnúmer: 202408030

Sendandi: Dóra Lind Pálmarsdóttir Leiðtogi umhverfis og framkvæmda

Tillaga:

Lagt er til að koma biðskyldumerkingum fyrir við sjö gatnamót innan Desjamýri og Flugumýri, það er biðskylduskiltum og máluðum biðskyldupríhyrningum. Einnig er lagt til að bæta við miðlínu á Flugumýri, sem er þá skilgreind sem aðalgata svæðisins, til þess að aðgreina akstursstefnur. Sjá nánari útfærslur af tillögu í viðhengdu minnisblaði frá Eflu verkfræðistofu.

Greinargerð:

Efla verkfræðistofa var fengin til að gera úttekt á umferðarskiltum og merkingum í iðnaðarhverfinu við Skarhólabraut í Mosfellsbæ. Umferð um svæðið hefur aukist og er orðin þess eðlis að stýra þarf henni með skýrari hætti. Svæðið sem um ræðir samanstendur af götunum Flugumýri og Desjamýri. Auk minnisblaðs var unnin teikning þar sem sýndar eru tillögur að merkingum og skiltum.

Eins og staðan er í dag eru engin umferðarskilti í iðnaðarhverfinu við Skarhólabraut fyrir utan stöðvunarskyldu á leið í iðnaðarhverfið að vestanverðu. Í dag eru því engar biðskyldumerkingar við hliðargötur og botnlanga og er því hægri umferð almennt í forgangi á svæðinu. Með aukinni umferð getur hægri réttur haft neikvæð áhrif á umferðaröryggi og því verið ávinningur í því að koma fyrir bið- og stöðvunarskyldum til að stýra umferð. Skilgreina þarf með skýrari hætti aðalgötu svæðisins þar sem mesti umferðarpunginn fer um og að forgangur sé í akstri eftir henni. Vegna aukinnar starfsemi og umferðar á iðnaðarsvæðinu er talin þörf á aðgerðum.

Sjá nánari útfærslur af tillögu í viðhengdu minnisblaði Eflu verkfræðistofu.

Virðingarfyllt,

Dóra Lind Pálmarsdóttir leiðtogi umhverfis og framkvæmda

Fylgiskjal:

- 109130-MIN-002-V01 – Desjamýri og Flugumýri – Umferðarskilti og merkingar